

Áttundi fundur 2010 var haldinn að Breiðabliki 26. maí kl. 21:00.

Mættir: Eggert Kjartansson, Halldór Jónsson, Guðbjartur Gunnarson, Svanur Guðmundsson og Jón Oddsson.

Oddvirti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

Til afgreiðslu:

1. Ársreikningur Laugargerðisskóla lagður fram. Hann var síðan samþykktur athugasemdalaust.
2. Ársreikningar sveitarfélagsins v/2009 seinni umræða. Farið yfir athugasemdir frá síðasta fundi. Eftir nokkrar umræður var reikningurinn samþykktur samhljóða.

Helstu niðurstöðutölur;

- Rekstrartekjur kr. 68.619.027,-
- Rekstrargjöld kr. 81.647.964,-
- Fjármagnstekjur kr. 16.686.089,-
- Hagnaður ársins kr. 3.657.152,-

Eigið fé kr. 199.876.738,-

Eigið fé og skuldir samtals kr. 201.525.406,-

3. Kjörskrá lögð fram. Engar athugasemdir hafa komið fram og var kjörskráin samþykkt. Á kjörskrá eru 51 karl og 46 konur samtals 97.
4. Bréf frá starfsmönnum Laugargerðisskóla og varðar leiksvæði og lóð skólans. Samþykkt að fá fagaðila að hanna leiksvæðið þannig að hægt verði að koma lagi á leiksvæðið fyrir veturinn.
5. Málefni DAB. Fyrir fundinum lá tölvupóstur frá Borgarbyggð um framkvæmd á byggingu hjúkrunarheimilis við DAB og síðan rekstur þess. Var óskað eftir viðræðum um framkvæmdirnar. Samþykkt að fara í þessar viðræður.

Til kynningar:

1. Fundarboð um nefnd vegna málefna fatlaðra og myndun þjónustusvæða.

Önnur mál.

1. Samþykkt að sækja um framlag úr styrkvegasjóði til að lagfæringar á veginum að Rauðamelskirkju og að plani við Rauðamelsölkeldu.